



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 08.02.2012 kl. 20:00.

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

- Samþykkt.

#### 2. Rekstrarniðurstaða ársins 2011

- Gjaldkeri gerði grein fyrir drögum að uppgjöri ársins 2011.
- Rekstrarniðurstaða félagsins í heild er neikvæð um 13,5 milljónir króna.
- Aðalstjórn samþykkir að breyta bókun tekna af æfingagjöldum yngri flokka í þeim tilgangi að endurspegla betur en nú er tekjur innan keppnistímils hverrar deildar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.
- Aðalstjórn samþykkir að yfirtaka í upphafi árs 2012 neikvæðan höfuðstól allra meistaraflokka félagsins miðað við stöðuna 31.12.2011, samtals að fjárhæð 28,7 milljónir króna.

#### 3. Áætlanir deilda

- Vinna við áætlanagerð deilda er í fullum gangi og skil betri en áður.
- Formaður, varaformaður og gjaldkeri munu ásamt framkvæmdastjóra funda með forsvarsmönnum deilda um fjárhag og áætlanir meistaraflokka félagsins.

#### 4. Stefnumótun Stjörnunnar – fasi 3

- Á döfinni eru fundir málefnanefnda undir forystu aðalstjórnarmanna. Fundirnir eru auglýstir í Garðapóstinum og gert ráð fyrir að þeim ljúki í febrúar mánuði.

#### 5. Önnur mál

- Búninganefnd - JSI gerði grein fyrir starfi búninganefndar og kynnti útboðslýsingu sem er fyrirbyggjandi. Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að senda útboðslýsingu til væntanlegra bjóðenda.
- Nefnd um Stjörnuheimilið - lögð fram til kynningar fundargerð 3. Fundar nefndarinnar, þar sem lýst er stöðu verkefna og hugmyndum um næstu skref í endurbótum og endurhönnun og endurskoðun á nýtingu einstakra rýma. VIO fylgdi málinu úr hlaði – umræðum frestað til næsta fundar.
- Skráningarkerfið NÓRI - Rætt um ágætan kynningarfund sem fram fór á dögnum. Þar voru fulltrúar deilda sammála um að kerfið væri væntlegt fyrir Stjörnuna. Aðalstjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra undirritun samnings um þriggja ára afnot félagsins af kerfinu.
- Nýr rekstrarstjóri fimleikadeildar - Sigrún Dan Róbertsdóttir hefur verið ráðin rekstrarstjóri fimleikadeildar félagsins frá 01.05.2012 að telja. Hún mun því ekki gefa kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn félagsins á næsta aðalfundi. Aðalstjórn óskar Sigrúnu til hamingju með nýja starfið.

Fundi slitið kl. 21:35

Ritað PGR